

Bílablaðið

ÞRIÐJUDAGUR 4. maí 2021

FRÉTTABLAÐIÐ

Eclipse PHEV er arftaki hins vinsæla Outlander



Mitsubishi Outlander tengiltvinnbíllinn hefur verið einn vinsælasti bíll landsins undanfarin misseri en vegna áherslubreytinga hjá framleiðandanum er hann nú á förum. Ný kynslóð hans verður aðeins seld á Ameríkumarkaði en arftakinn fyrir Evrópumarkað er aðeins minni Eclipse Cross PHEV sem við fjöllum um hér í Bílablaðinu. **6**



Nýtt merki Dacia frumsýnt á nýjum Bigster sem er nýtt flaggskip Dacia. **2**



Subaru XV E-Boxer reynsluakstur. Tvinnbíll fyrir íslenskar aðstæður. **4**



Ameríkuúgáfa Honda Civic kynnt með nýrri og fullkomnari innréttingu. **5**

EXIDE
TECHNOLOGIES

STUÐ Í ÚTILEGUNNI MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Áreiðanlegir og sterkbyggðir AGM rafgeymar henta vel fyrir ferðavagna, s.s. hjólhýsi, fellihýsi o.fl. Hraðari hleðsla, minna viðnám í hleðslu, engin uppgufun í hleðslu og lengra úthald. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.


REKSTRARLAND


olís



Dacia Bigster verður stærsti bill merkisins þegar hann kemur á markað.

Dacia fær nýtt merki fyrir nýjar gerðir sínar

Dacia-bílamerkið hefur sótt um einkaleyfi á nýju vörumerki sem notað verður frá næsta ári þegar rafdrifnir bílar Dacia fara að koma á markað.

njall@frettabladid.is

Dacia gengur nú í gegnum endurskipulagningu eins og mörg önnur bílamerki, vegna tilkomu rafdrifinna ökutækja. Dacia hefur endurhannað merki bíla sinna og mun innleiða einföldun á hönnun og framleiðslu bíla í nýrri fimm ára áætlun. Renault-Nissan samsteypa mun setja Dacia og Lada merkin undir einn hatt þannig að bílar merkjanna munu verða þróaðir saman og nota mikið af sömu íhlutum. Mun það þó fara eftir markaðssvæðum hvaða merki er í boði og því ólíklegt að við sjáum Lada aftur á Íslandi.

Dacia frumsýndi nýlega tilraunaútgáfu af nýjum jepplingi af stærri gerðinni sem kallast Bigster og er fyrir ofan Duster í stærð. Bigster er einn af þremur nýjum bílum sem Dacia mun kynna fyrir 2025. Bigster er 4.600 mm að lengd og nokkuð kassalaga eins og aðrir Dacia-bílar. Að sögn Dacia á hann að keppa við bíla í verði sem eru í stærðarflokkinum fyrir neðan hann. Sjá má nýtt útlit með Y-laga framljósum ásamt endurhönnuðu grilli. Yfirbygging tilraunaútgáfunnar er úr endurunnu plasti en



Framendinn verður eins og afturendinn með nýjum Y-laga ljósum.


Dacia og Lada munu fara undir sama hatt þannig að bílar merkjanna verða hannaðir og þróaðir saman.

billinn er byggður á CMF-B undirvagni Renault, og verður undirvagninn notaður fyrir alls ellefu bíla Dacia og Lada. Það þýðir að hann getur notað tvinnútfærslur



Nýtt merki Dacia er með ákveðnum línunum í bókstöfum í stað skjaldarmerkis eins og áður.

eins og 1,6 lítra e-Tech vélina sem er í nýjum Clio. Bílar Dacia verða líkt og bílar Renault búnir Safety Drive sem þýðir að hámarkshraði þeirra verður bundinn við 180 km á klukkustund. Búnaðurinn safnar meðal annars upplýsingum gegnum skynjara í bílnum og bendir öikumanni á hættur í kring og kemur með ráðleggingar um öruggari akstur.



Hálfleiðarar eru notaðar í tölvukubba og örgjafa sem bílaframleiðendur nota nú í mun meira mæli en áður í rafbílaframleiðslu sína.

Skortur á hálfleiðurum veldur talsverðum töfum á bílaframleiðslu

Bílaframleiðendur víða um heim hafa margir hverjir þurft að loka verksmiðjum tímabundið vegna skorts á hálfleiðurum í bíla sína. Samkvæmt frétt Reuters um málið er hluti vandamálsins aðgerðir Trump-stjórnarinnar gegn framleiðslu í Kína, en önnur lönd eins og Taívan hafa reynt að bregðast við vandanum. TSMC er einn stærsti framleiðandi hálfleiðara í heiminum, sem notaðir eru í tölvukubba og örflögur, og þar á bæ segjast menn vera tvo mánuði frá að ná að bregðast við eftirspurninni. Það mun þó ekki þýða að enginn skortur verði á tölvukubbum í sumar því að birgðalínan er löng og flókin. Venjulega tekur það allt að átta mánuði fyrir framleiðsluna að komast til kaupenda sinna. Er vandamálið farið að ná til fleiri framleiðsluaðila eins og framleiðenda raftækja.

Í samtali við þýskt dagblað sagði Herbert Diess, framkvæmdarstjóri Volkswagen samsteypunnar, að fyrirtækið ætli að hanna og þróa sína eigin tölvukubba fyrir sjálfkeyrandi ökutæki. Mun þá hugbúnaðurinn einnig verða þróaður af Volkswagen þó að framleiðsla þeirra gæti farið fram hjá aðilum

Volkswagen-samsteypa áætla að hanna og þróa sína eigin tölvukubba fyrir sjálfkeyrandi ökutæki. Mun þá hugbúnaðurinn einnig verða þróaður af Volkswagen þótt kubbarnir verði framleiddir annars staðar.

sem sérhæfa sig í slíkri framleiðslu. Er þessi áætlun Volkswagen komin til vegna samkeppni frá Tesla sem notast við sérhannaða tölvukubba sem aftur gefur þeim möguleika á að þróa breytingar hraðar en aðrir keppinautar. Einnig gæti hugsanleg samkeppni frá Apple spilað inn í þessar áætlanir. Daimler skrifaði nýlega undir samning við Nvidia-framleiðandann um þróun og smíði tölvukubba og hugbúnaðar fyrir Mercedes-Benz.



Mercedes-AMG One kostar litlar 342 milljónir króna.

Götuútgafa AMG One næst á mynd

Ofurbíllinn Mercedes-AMG One virðist vera á lokametrum prófana en nýlega náðust myndir af skráðum bíl við prófanir í Þýskalandi. Fjögur ár eru síðan Mercedes kynnti þennan 1.000 hestafla bíl, en tafir hafa verið á þróun hans þar sem erfitt hefur verið að laga formúluættaðan vélbúnaðinn að götuakstri. Vélin er 1,6 lítra V6 vél og tengjast vandamálín erfiðleikum við að láta smáagnasiur virka án þess að það komi niður á afli bílsins. Einnig gengur keppnisútgáfa vélarinnar hægaganginn á 5.000 snúningum á mínútu, en tæknimenn Mercedes-AMG þurftu að láta bilinn ganga fullkominn hægagang á 1.200 snúningum, sem var engin

Gengið hefur á ýmsu við að aðlaga hinn formúluættaða vélbúnað mengunarkröfum Evrópusambandsins.

smá áskorun. Að sögn á billinn að ná 120 km hraða og fara í 200 km á aðeins sex sekúndum. Fyrstu eintök komast væntanlega í hendur kaupenda fyrir árslok en öll 275 eintökin sem smíðuð verða hafa þegar verið seld.





Deegan 38 All Terrain

Deegan 38 All Terrain – nett mynstrað heilsársdekk frá Mickey Thompson

5 stærðir á lager:

- 265/70R16 verð 40.800 kr.
- 265/70R17 verð 37.500 kr.
- 265/65R18 verð 44.800 kr.
- 285/70R17 verð 49.900 kr.
- 265/50R20 verð 39.900 kr.

lce track ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is



Garða- og
tómstundakerrur
frá:
155.900 kr.


VORBOÐINN LJÚFI ER MÆTTUR

FYRSTA SENDING ÁRSINS AF BRENDERUP KERRUM KOMIN

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnar að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða aksturseiginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.



Tækjakerrur
frá:
1.359.900 kr.



Iðnaðarkerrur
frá:
319.900 kr.



Bílaust
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Subaru XV E-Boxer

KOSTIR - Fjór hjóladrif - Fjöldrun	GALLAR - Farangursrými - CVT skipting	Hestöfl: 145 Tog: 188 Nm Eyðsla: 7,9 l/100 km CO2: 180 g/100 km	L/B/H: 4.465/1.800/1.550 mm Hjólhaf: 2.670 mm Eigin þyngd: 1.550 kg Farangursrými: 340 lítrar	Veghæð: 220 mm Dráttargeta: 1.270 kg Grunnverð: 6.490.000 kr.
---	--	--	--	--



Bilnum var reynsluakið um 1.000 km sem ætti að vera viðmið frekar en undantekning. MYNDIR/KRISTRÚN TRYGGVADÓTTIR

Subaru XV E-Boxer tvinnbíll fyrir íslenskar aðstæður

Nokkuð er síðan Subaru XV kom á markað í svokallaðri E-Boxer útgáfu. Á dögnum gafst þó gott tækifæri til reynsluaksturs á þeim bíl þegar skreppa þurfti til Akureyrar.

Fyrir þann sem einu sinni hefur átt Subaru eins og undirritaður verður alltaf taug til þessa merkis. Þótt tegundin vilji stundum gleymast í almennri umræðu er ljóst að hann hefur margt til brunnis að bera og hentar vel íslenskum aðstæðum. Hann sameinar góða veghæð við Boxer-vél með lágan þyngdarpunkt og rúsinan í pylsuendanum er alvöru fjór hjóladrif. Hann hefur helst verið gagnrýndur fyrir eyðslu, sérstaklega nú þegar samkeppnin býður upp á bíla með sífellt minni vélum og stærri rafhlöðum. E-Boxer er hins vegar tilbúinn í þá samkeppni og er búinn litlum rafmótor ásamt 13,5 kWst rafhlöðu.

Þægilegur á langkeyrslu
Reynsluakstur bílsins var í lengri kantinum, en farin var ferð til höfuðstaðar Norðurlands á honum. Sætin er í mýkri kantinum og því þægileg á langkeyrslunni. Þessi útgáfa er betur búin og með betra efnisvali en flestir aðrir Subaru bílar. Upplýsingaskjái eru stórir og auðlæsilegir og það er gott að nota þá. Í raun og veru er hönnunin blátt áfram og fátt sem kemur á óvart eða eitthvað nýtt sem þarf að venjast. Pláss í framsætum er gott og þökkalegt í aftursætum líka. Hins vegar er farangursrými



Liggur vel þrátt fyrir mjúka fjöðrun og hjálpar vel stillt fjór hjóladrif.

aðeins 340 lítrar sem er með því minnsta í þessum flokki.

Eyðsla í hærri kantinum
Í akstri virkar bíllinn eins og hver annar Subaru nema að hann tekur af stað á rafmagninu þegar rólega er gefið inn. Hann kveikir hins vegar strax á mótornum þegar gefið er snögg inn svo að rafhlaðan og 12,3 kW rafmótorinn er meira eins og viðbót við bensín-bílinn. Kerfið virkar svipað og í Toyota Prius en sá keyrir meira á rafhlöðunni en Subaru XV, þótt það sé alveg mögulegt undir 40 km á klst. Aflið fer í gegnum CVT-sjálfskiptingu til allra hjólanna og það er ekki laust við að það hvíni stundum í henni undir álagi. Hún líkir eftir girskiptingum að einhverju leyti og hægt er að setja bílinn í valskiptistillingu kjósi maður svo. Í akstri virkar bíllinn vel á mann, og

Veghæð Subaru XV E-Boxer er 220 mm og hann er með sívirkt fjór hjóladrif ásamt góðri fjöðrun sem gerir hann hæfan í torfærum.

Þrátt fyrir að fjöðrunin sé í mýkri kantinum liggur hann vel. Eyðslan með tveggja lítra vélinni hefði getað verið betri á langkeyrslunni en hún var í kringum 7,2 lítrar samkvæmt útreikningi.

Kemst meira
Það sem aðgreinir Subaru frá öðrum jepplingum er að hann lítur ekki bara út fyrir að geta eitthvað í torfærum, hann hefur getu til að komast lengra en flestir. Til að byrja með er veghæðin með besta móti eða 220 mm. Fjór hjóladrifið



Vélin er 145 hestöfl og tveggja lítra en búin 12,3 kW rafmótor til aðstoðar.



Farangursrými er aðeins 340 lítrar sem minna er í Toyota CHR.

er sívirkt og er duglegt að skila afli bílsins þangað sem að þess gerist mest þörf. Loks er svokölluð X-mode stilling til að nota í erfiðari aðstæðum, en þá notar bíllinn líka hemlakerfi bílsins til að aðstoða hann í miklum bratta. Rjóminn ofan á kökuna er svo fjöðrunin sem virkar best á grófari vegum.

Samanburður erfiður
Grunnverð bílsins er 6.490.000 kr. í Premium-útgáfu sem býðir upphituð sæti og stýri, bakkmyndavél, skynvæddur hraðastillir, akreina-stýring og regnskynjari svo eitt-hvað sé nefnt. Samanburður við aðra jepplinga er dálitið erfiður þar sem hann situr á milli Toyota RAV4 og CHR í stærð svo dæmi sé tekið. Grunnverð CHR í tvinnút-færslu er 6.150.000 kr. svo að verðið á Subaru XV E-Boxer er svo sem ekkert til að kvarta yfir.



Þótt búið sé að frumsýna fjögurra dyra bilinn er ekkert vist að fimm dyra útgáfan verði eins í útliti.

Honda Civic kynntur fyrir Ameríkumarkað

Um aldamótin var Honda Civic einn vinsælast bill landsins og vakti eftirtekt fyrir afl og sportlega eiginleika. Minna fer þó fyrir því núna hjá framleiðandanum en hann kemur nú í sinni elleftu kynslóð, geri aðrir betur.

njall@frettabladid.is

Honda hefur frumsýnt fjögurra dyra Civic sem ætlaður er á markað í Bandaríkjunum. Fimm dyra útgáfa fyrir Evrópumarkað verður svo frumsýnd eftir nokkra mánuði. Um elleftu kynslóð þessa bíls er að ræða, en tíunda kynslóðin kom á markað fyrir aðeins fjórum árum síðan. Talsverðar breytingar eru þó á þessari kynslóð enda kemur Civic nú á markað í tvinnútgáfu fyrir Evrópu. Útlitslega er billinn einfaldari og hefðbundnari en áður, með lægri ljósum og breyttu grilli. A-biti bílsins er aftar til að vélarrými virki lengra, en óvíst er hvort þetta útlit verði á Evrópubilnum.

Innréttingin er mikið breytt og verður líklega sú sama í fimm dyra bilnum. Mælaborðið er lægra og láréttara með nýjum 9 tommu upplýsingaskjá. Auk þess er kominn nýr 10,2 tommu skjár fyrir framan ökumann, sem er í fyrsta skipti í Civic. Loks er stýrið alveg endurhannað. Efnisval verður



Talsverð breyting er á innréttingu bílsins hvort sem varðar útlit eða efnisval.

Það er helst innréttingin sem er breytt í elleftu kynslóð Civic. Mælaborðið er með nýjum svip með 9 tommu upplýsingaskjá og 10,2 tommu skjá í mælaborði.

betra með áherslu á mjúka hluti. Undirvagninn er aðeins þróun á fyrri kynslóð en er 8% stífari, með meiri sporvidd að aftan og nýrri álgrind fyrir vélarrúmið. Loks er búið að endurstilla stýrisganginn. Meiri öryggisbúnaður verður í nýjum Civic með nýrri kynslóð myndavéla og skynjara. Í Bandaríkjunum verður hann boðinn með 150 og 180 hestafla bensínvélum sem ekki verða í boði hérna megin við hafið. Þess í stað kemur sams konar tvinnbúnaður og í nýjum HRV og Jazz. Vænta má Type R útgáfu einhvern tímann á næsta ári.



Fljótandi lípíum hydroxíð er unnið úr háhitasvæðum undan ánni Rín.

Áætlanir um framleiðslu lípíums fyrir rafhlöður rafbíla undan ánni Rín

Í Þýskalandi eru uppi áætlanir um vinnslu lípíums (e. lithium) úr háhitasvæði djúpt undir ánni Rín, segir í frétt frá Reuters. Mun mikið magn vera í boði eða nóg til framleiðslu 400 milljóna rafbíla. Framleiðsla rafbíla hefur valdið skorti á lípíum sem hingað til hefur verið framleitt í öbyggðum Ástralíu og Suður-Ameríku. Svæðið sem um ræðir í Þýskalandi er um 12.000 ferkílómetrar og er að mestu undir Svartaskógi. Nýsköpunarfyrirtækið Vulcan Energy Resources segist geta framleitt kolefnishlutlaust lípíum með háhita raforkuvirkjunum sínum, og er með áætlanir

um byggingu fimm slíkra orkuvera. Hefur fyrirtækið hafið söfnun á hlutafé til að fjármagna verkefnið sem mun kosta tvo milljarða dollara. Áætlanir ganga út á að hægt sé að framleiða 15.000 tonn af lípíum hydroxíði á ári fram til 2024, og allt af 40.000 tonn árlega eftir það. Evrópusambandið hefur gengið út frá aukinni framleiðslu rafbíla til að ná markmiðum sínum um minnkandi losun kolefnis. Samkvæmt áætlunum sambandsins mun þörf bílaframleiðanda fyrir lípíum þýða að árið 2030 þurfi að framleiða allt að 18 sinnum meira lípíum en nú er gert.



Lotus Emira verður frumsýndur í júní en hér er fyrsta teikningin af honum.

Lotus Emira verður síðasti bill merkisins með brunahreyfli

Fyrsti nýi bill Lotus-merkisins í 12 ár er um leið síðasti bill Lotus sem búinn er brunahreyfli. Búið er að forsýna tölvumynd af bílnum en hann verður frumsýndur formlega 6. júlí næstkomandi. Næstu bílar Lotus verða hins vegar rafdrifnir og byggðir á fjórum undirvögnum, og við vitum að einn þeirra verður lúxusjeppi og annar sportbill. Emira er ætlað að keppa við Porsche 911 og verður boðinn með

tveimur gerðum véla. Minni vélín er tveggja lítra með forþjöppu en sú stærri kemur frá Toyota og er 3,5 lítra V6 vél. Bílar Lotus verða smíðaðir í Wuhan í Kína enda merkið nú í eigu Geely. Að sögn talsmanna Lotus er sportbill í þróun í samstarfi við Renault Alpine sem verður með breytanlegum undirvagni. Er eitt af markmiðunum með þeim bíl að ná þyngd hans niður í sömu þyngd og í Emira.

TOYO TIRES

Skoðaðu nýju heimasíðuna okkar á **nesdekk.is**

Þar getur þú fundið réttu dekkinn sem henta þér best, gengið frá kaupnum og pantað tíma.

Sjáðu úrvalið á **nesdekk.is**

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080
Tímabókun

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110
Tímabókun

Grjóthálsi 10
110 Reykjavík
561 4210
Röð

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600
Röð

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333
Röð

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350
Tímabókun

NESDEKK
Öryggi í umferð síðan 1996



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Mitsubishi Eclipse Cross PHEV

KOSTIR

- Búnaður
- Verð

GALLAR

- Mjúk fjöðrun
- Minna farangursrými

Hestöfl: 204
Tog: 332 Nm
Eyðsla á 100 km: 1,7 l
CO2: 39 g/100 km

Grunnverð: 5.390.000 kr.
Rafhlaða: 13,8 kWst
Drægi rafhlöðu: 54 km
L/B/H: 4.405/1.805/1.685 mm

Eigin þyngd: 1.900 kg
Farangursrými: 390 l
Dráttargeta: 1.500 kg



Komnar eru hvassari linur í framenda með endurhönnuðum ljósum og stuðara.

Mitsubishi Eclipse PHEV er arftaki Outlander

Kominn er á markað arftaki hins vinsæla Mitsubishi Outlander tengiltvinnbils en hann er nú á leið út af Evrópumarkaði og næsta kynslóð hans verður aðeins seld í Norður-Ameríku. Um aðeins minni bíl er að ræða en með sama vélbúnaði svo að vonandi mun þessi ráðstöfun Mitsubishi ekki setja stórt skarð í sölu merkisins hér á landi.

Útlitslega er bíllinn að mestu eins og Eclipse Cross en búið er að endurhanna ljós og framenda. Að aftan er sem betur fer búið að losa sig við tvískipta afturrúðuna. Bíllinn er minni en Outlander en það finnst þó varla fyrir en í farangursrými sem er tæpir 400 lítrar. Í aftursætum er plássíð vel viðunandi sem og höfuðrými þrátt fyrir sólþakið í prófunarbilnum. Nokkrar breytingar eru á innréttingu bilsins og þá helst að kominn er átta tommu upplýsingaskjár aðeins framar í miðjustokkinn. Að vísu er hann ekki sá fullkomnasti eða neinn háskerpuskjár en hann dugar ágætlega fyrir það sem hann er settur upp fyrir.

Sami vélbúnaður

Rafhlaðan í Eclipse PHEV er 13,8 kWst sem dugar honum til 57 km aksturs við bestu aðstæður. Vélín er sama 2,4 lítra bensínvél og í Outlander sem líkt og þar er pörðuð við tvo rafmótora sitt á hvorum öxli. Þetta kallar Mitsubishi S-AWC aldrið en 126 hestafla bensínvélín skilar afli aðeins til framhjólanna.

Á afturöxli er 94 hestafla rafmótor og á framöxli er rafmótorinn 80 hestöfl.

Hægt er að stilla bílinn á EV-akstursstillingu en þá notar hann einungis rafmagnnið til að koma sér áfram. Bíllinn er þokkalega aflmikill að keyra með sín 204 hestöfl og upptakið virkar átakalítið. Skiptingin er þægileg í meðförum og frekar laus við hvin sem einkennir oft CVT-skiptingar. Hann virkar dálítið mjúkur á fjöðrun og vill því leggjast aðeins í beygjurnar. Það gerir hann þrátt fyrir fjölíða fjöðrun að aftan með jafnvægisstöng.

Og hvað er verðið?

Um 4,5 klst. tekur að hlaða bílinn í heimahleðslu en aðeins 25 mínútur á hraðhleðslustöð. Einnig er hægt að hlaða rafhlöðuna með vélinni og er þá bíllinn kyrrstæður en varla er nokkur umhverfisverndarsinnaður að fara að nýta sér þann möguleika. Sniðugur möguleiki er að hægt er að nota rafhlöðuna sem orkubúur en bíllinn er búinn tveimur rafmagnstengjum. Eclipse Cross PHEV er nú boðinn á sérstöku kynningarverði sem er 4.990.000 kr. sem er 400.000 kr. frá listaverði. Subaru XV E-boxer kostar til samanburðar 6.490.000 kr. svo í þeim samanburði er verðið gott. Hinn eini sanni samanburður er þó hverju munar á verði hans og fráfaraandi Outlander sem var komið niður í sama verð og tilboðsverð Eclipse Cross PHEV undir lokin.



Búið er að stækka upplýsingaskjáinn í 8 tommur og færa nær ökumanni.



Ágætis pláss er í aftursætum og höfuðrými þokkalegt þrátt fyrir sólþakið. MYNDIR/TRYGGI ÞORMÓÐSSON



Sama 2,4 lítra bensínvél er í Eclipse og Outlander tengiltvinnbilunum ásamt sama rafbúnaði og rafhlöðu.



Farangursrými í Eclipse Cross PHEV er aðeins minna en í Outlander PHEV og munar um 60 lítrum.

Gæða dekk fyrir jeppa og jepplinga

Arctic trucks hafa hingað til sérhæft sig í jeppum og breyttum bílum. Nú er stefnan að bjóða einnig upp á þjónustu og dekk fyrir jepplinga. Áherslan er á dekk sem henta bæði innanbæjar og í ævintýramennskuna.

Arctic trucks bættu nýlega við dekkjaúrvalið hjá sér nýju vörumerki sem heitir Pro Comp. Það er frá amerískum framleiðendum sem framleiða jeppadekk í stærri stærðum og allt niður í stærðir fyrir jepplinga. Önnur dekk sem fáanleg eru hjá Arctic Trucks eru amerísku Dick Cepek-dekkin, Nokian jeppadekk og sérhannaða AT 405 dekkið.

„Hingað til höfum við lagt mesta áherslu á stóra jeppa og breytta bíla. En helsta breytingin hjá okkur núna er að við höfum verið að færa okkur niður á við. Okkur langar að hafa meira úrval í minni stærðum líka og þá fyrir jepplinga líka. Við ætlum að færa okkur í það af fullum krafti í haust en við erum aðeins byrjaðir að þreifa á því núna. Við getum þjónustað jepplinga í dekkjum og erum kominn með einhverja flóru af dekkjum á lager nú þegar,“ segir Stefán Þór Jónsson, verslunarstjóri hjá Arctic Trucks.

„Með því að taka inn Pro Comp erum við að fá í sölu nýtt 40 tommu jeppadekk sem er frekar vinsæl stærð hér heima núna. Svo fáum við líka alla flóruna niður í minni jeppa og jepplingastærðir. Við erum að fá tvö mynstur frá Pro Comp. Annað er gróft mynstur sem heitir Xtreme og hitt er fínmynstrað heilsársdekki sem



Stefán Þór Jónsson segir áherslu Arctic Trucks vera á hinn venjulega íslenska jeppamann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

heitir AT sport. Það hefur vantar svona fínmynstrað stórt jeppadekk í flóruna okkar.“

Stefán segir einnig vert að nefna Nokian 44 tommu dekkinn sem eru það nýjasta nýtt í ofurjeppamennsku.

„Þetta eru 44 tommu radial dekk sem hafa verið að ryðja sér til rúms hér síðustu þrjú árin. Þau

hafa náð að sanna sig almennilega við íslenskar aðstæður undanfarna vetur. Það er gríðarlega mikil ánægja með þessi dekk og eftirspurn.“

Notendavæn allt árið

„Okkar áherslur liggja í dekkjum fyrir þetta venjulega íslenska jeppafólk. Óháð því hvort það er í

vetrarferðamennsku eða sporttýpur sem eru í fjallamennsku eða ævintýramennsku og vilja vera á þægilegum bíl innanbæjar sem hefur samt eitthvað grip og getu,“ útskýrir hann.

„Svo erum við líka með mjög sérhæfð dekk, eins og Nokian dekkinn sem eru sérstaklega hugsuð fyrir snjókeyrslu. Þar sem

Okkar áherslur liggja í dekkjum fyrir þetta venjulega íslenska jeppafólk. Óháð því hvort það er í vetrarferðamennsku eða sporttýpur.

Stefán Þór Jónsson

við tókum þátt í hönnuninni á því dekki þá er það líka gert með það í huga að það sé notendavænt allan ársins hring. Það hefur í raun breytt jeppamennskunni hér heima þessi síðastliðin þrjú ár sem við höfum verið með það. Því núna eru þessir ofurjeppar, sem varla voru keyrandi innanbæjar, orðnir hversdagsjeppar líka. Þessi dekk eru hljóðlát, þægileg í keyrslu en samt yfirburðadekk í drifgetu við flestar aðstæður.

Arctic Trucks hefur framleitt dekk undir eigin merkjum frá árinu 2005. Stefán segir að allan þann tíma hafi verið reynt að gera þau þannig úr garði að hægt sé að vera með bíl sem er þægilegur í notkun allan ársins hring.

„Við viljum að hvort sem þú ert að fara á malarveg, jökul eða keyra innan bæjar þá getirðu allt af verið á sömu dekkjum og verið klár í slaginn,“ segir hann og bætir við að Arctic Trucks bjóði einnig upp á mikið úrval af felgum fyrir flestar gerðir jeppa.

JEPPADEKK



Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29 - 44".

KANNAÐU ÚRVALIÐ! VERSLUN.ARCTICTRUCKS.IS



EXPLORE WITHOUT LIMITS





HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

Öll almenn dekkjaþjónusta á staðnum. Tímapantanir í síma 540 4900.

Sala á fólksbílum tók kipp í apríl

Sala nýrra fólksbíla í apríl jókst um tæp 110% miðað við apríl í fyrra, en alls var skráður 781 nýr fólksbíl nú en voru 372 í fyrra.

Í heildina eftir fyrstu fjóra mánuði ársins hefur salan aukist um 0,6% miðað við sama tímabil í fyrra. Í ár hafa selst 2.870 nýir fólksbílar samanborið við 2.853 nýja fólksbíla í fyrra, segir í fréttatilkynningu Bilgreinasambandsins.

Til einstaklinga seldust 379 nýir

fólksbílar í apríl samanborið við 269 á sama tíma í fyrra og er því aukning í sölu 40,9% milli ára. Það sem af er ári hafa selst 1.639 nýir fólksbílar til einstaklinga en í fyrra á sama tíma var búið að selja 1.643 nýja fólksbíla.

Almenn fyrirtæki (önnur en ökutækjaleigur) keyptu 140 nýja fólksbíla í apríl í ár miðað við að hafa keypt 70 bíla í apríl í fyrra. Það sem af er ári hafa selst 653 nýir fólksbílar til almennra fyrir-



Í apríl var mest selda tegundin KIA með 149 selda fólksbíla, þar á eftir kemur Toyota með 101 fólksbíl.

Til einstaklinga seldust 379 nýir fólksbílar í apríl samanborið við 269 á sama tíma í fyrra.

tækja en í fyrra á sama tíma voru seldir 599 nýir fólksbílar og er því aukning milli ára um 9%.

Sala til ökutækjaleiga tók aðeins

við sér í apríl og seldust 260 nýir fólksbílar í ökutækjaleigu samanborið við 30 á sama tíma í fyrra. Það sem af er ári hafa verið skráðir 560 nýir fólksbílar í ökutækjaleigu samanborið við 582 bíl í fyrra.

Nýorkubílar (rafmagns, tengiltvinn, hybrid, metan) eru 65,6% allra seldra nýrra fólksbíla á árinu (rafmagn 23,6%, tengiltvinn 25,6% og hybrid 16,4%) en þetta hlutfall var 61,0% á sama tíma á síðasta ári.



Ionic 5 N gæti litið einhvern veginn svona út. MYND/AVARVARII

Heitari Hyundai Ionic í kortunum

N-deild Hyundai er að íhuga smíði á öflugum rafbíl sem byggður verður á einum af nýjum Ionic-bílum sem áætlaðir eru á næstunni. Hingað til hafa N-bílar Hyundai verið hefðbundnir bensínbílar með forþjöppu. Fyrsti bíllinn til að koma á markað frá Ionic-undirmerkinu verður Ionic 5 og sýnir myndin hvernig hann gæti litið út í N-útgáfu. Hvort bíllinn verði í þeirri stærð er ekki vitað en Ionic 5 er 4.600 mm að lengd.



Zongshen Cyclone RX6 er fyrsta mótorhjólið sem búið er nýju 650 vélinni frá Norton.

Zongshen Cyclone RX6 frumsýnt

Kínverski mótorhjólaframleiðandinn Zongshen hefur ákveðið að hella sér út í samkeppnina um ferðahjólin, en fyrirtækið frumsýndi á dögum Cyclone RX6 ferðahjólið. Þetta er fyrsta mótorhjólið sem búið er nýju tveggja strokka vélinni frá Norton. Hjólið var frumsýnt á Bilasýningunni í Sjanghæ en hjólið er tilbúið til framleiðslu nú þegar. Vélin er sú sama og koma mun í nýjum hjólum frá Norton á næstunni, en þau kallast Atlas og Nomad og eru nokkurs konar Scrambler-hjól. Vélin er með tveimur yfirliggjandi knastásum og er 650 rúmsentimetrar.

Fjórir ventlar eru á hvern strokk en vélin skilar 70 hestöflum. Cyclone RX6 er vel búið og má þar nefna TFT litaskjá með tengingum fyrir snjalltæki, rafstýrða framkúpu og lyklalaust aðgengi. Meðal annars búnaðar eru Nissin-bremsur, Kayaba-fjöðrun og Bosch-hemlalæsivörn með tilheyrandi akstursstillingum. Það eina sem dregur hjólið niður er þyngd þess en samkvæmt fréttatilkynningu er það 245 kíló, svo það er þyngst í sínum flokki.

www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær